



JOHN DEERE

LEYFISSAMNINGUR HUGBÚNAÐAR FYRIR JOHN DEERE G5 LÍNU SKJÁEININGAR

MIKILVÆGT – LESIÐ VANDLEGA: ÞESSI LEYFISSAMNINGUR ER LAGALEGUR SAMNINGUR MILLI ÞÍN OG JOHN DEERE SHARED SERVICES, INC., SEM ER FYRIRTÆKI MEÐ HÖFUÐAÐSETUR AÐ JOHN DEERE PLACE, MOLINE, IL 61265 ("LEYFISVEITANDINN"). SAMNINGURINN NÆR YFIR NOTKUN Á JOHN DEERE SKJÁEININGUM OG ÖLLUM TENGÐUM HUGBÚNAÐI OG/EÐA VÉLBÚNAÐI SEM KANN AÐ HAFA SAMSKIPTI VIÐ JOHN DEERE G5 LÍNU SKJÁEININGAR ("SKJÁRINN"), P.M.T. G5Plus™ CommandCenter™, G5 CommandCenter™, G5Plus™ Universal, G5 Universal, G5e™ OG JOHN DEERE UNIVERSAL OG AÐRA NON-DEERE VÖRUMERKJASKJÁI SEM NOTA SAMA HUGBÚNAÐ EINS OG G5 LÍNA SKJÁA.

MEÐ ÞVÍ AÐ SAMÞYKKJA EÐA FRESTA SAMÞYKKI EF ÞÚ ERT EKKI SÖLUAÐILI EÐA MEÐ ÞVÍ AÐ KVEIKJA Á EÐA NOTA SKJÁINN Á ANNAN HÁTT, SAMÞYKKIR ÞÚ OG STAÐFESTIR SKILMÁLA LEYFISSAMNINGSINS HVAÐ VARÐAR HUGBÚNAÐINN ("HUGBÚNAÐURINN") SEM HEFUR VERIÐ UPPSETTUR Á SKJÁNUM VIÐ AFHENDINGU. ÞÚ SAMÞYKKIR AÐ ÞESSI LEYFISSAMNINGUR, ÞAR Á MEÐAL FYRIRVARAR ÁBYRGÐAR, TAKMÖRKUN Á BÓTAÁBYRGÐ, OG GERÐARDÓMSÁKVÆÐI HÉR AÐ NEÐAN, SÉU BINDANDI FYRIR ÞIG OG FYRIRTÆKI SEM ÞÚ NOTAR HUGBÚNAÐINN OG SKJÁINN FYRIR, SEM OG STARFSMENN SLÍKS FYRIRTÆKIS (VÍSAÐ SAMEIGINLEGA TIL SEM "ÞÚ" Í ÞESSUM LEYFISSAMNINGI). EF ÞÚ SAMÞYKKIR EKKI SKILMÁLA ÞESSA SAMNINGS EÐA ÞÚ HEFUR EKKI UMBOÐ TIL AÐ SAMÞYKKJA ÞESSA SKILMÁLA FYRIR HÖND FYRIRTÆKIS ÞÍNS EÐA STARFSMANNA ÞESS SKALTU VINSAMLEGAST HAFNA ÞESSUM SKILMÁLUM. ÞESSI LEYFISSAMNINGUR STENDUR FYRIR ALLAN SAMNINGINN VARÐANDI HUGBÚNAÐINN MILLI ÞÍN OG LEYFISVEITANDANS OG HANN KEMUR Í STAÐ FYRRI TILBOÐA, LÝSINGAR EÐA SAMKOMULAGS MILLI ÞÍN OG LEYFISVEITANDA.

1. **Lýsing á hugbúnaði.** Allur hugbúnaður hefur verið settur upp á skjánum við afhendingu. Leyfisgjald fyrir notkun á sumum eiginleikum hugbúnaðarins er innifalið í innkaupsverði skjásins. Notkun annarra eiginleika hugbúnaðarins krefst frekari leyfisgjalda. Að þeim greiddum færð þú senda leyfisskrá ("**Leyfi**") sem virkjar aðgerðirnar þegar hún er færð inn í skjáinn (fylgja skal leiðbeiningum í notendahandbókinni). Hafið samband við söluaðila John Deere eða annan samþykktan söluaðila til að kaupa einhver af leyfunum. Hafið í huga að söluaðili John Deere, umboðsaðili eða Deere & Company eða dótturfyrirtæki þess eða samstarfsaðilar munu hugsanlega innheimta viðbótargjöld fyrir slík leyfi. Hugbúnaðurinn felur ekki í sér forrit frá þriðja aðila eða hugbúnað sem er hlaðið sérstaklega upp á skjáinn. Einhverjir eiginleikar hugbúnaðarins eru hugsanlega tímabundnir og eru þá ekki nothæfir

eftir að viðkomandi tímabili lýkur. Hafið samband við samþykktan söluaðila John Deere til að kaupa viðbótar leyfi svo hægt sé að endurvirkja slíka eiginleika.

- Leyfi.** Leyfisveitandi afhendir þér hér með, og þú samþykkir, almennt leyfi til að nota hugbúnaðinn á tölvulesanlegu viðfangskóðaformi, aðeins eins og heimilt er samkvæmt þessum leyfissamningi og viðeigandi ákvæðum í handbók stjórnanda. Hugbúnaðinn má aðeins nota á skjánum þar sem hann var upphaflega settur upp; eða, ef sá skjár verður óstarfhæfur, á nýjum skjá með sama tegundarnúmeri sem þú færð hjá viðurkenndum söluaðila samkvæmt takmarkaðri ábyrgð í hluta 5. Þú samþykkir að þú munir ekki framselja rétt þinn, láta hann öðrum í té, flytja, veðsetja, lána, leigja né deila rétti þínum samkvæmt þessum leyfissamningi, nema að þú mátt flytja allan rétt þinn varanlega samkvæmt þessum leyfissamningi við sölu á skjánum sem hugbúnaðurinn sem þessi samningur nær yfir er settur upp í. Ef þú selur skjáinn, eða flytur eignarhald á honum með öðrum hætti, fellst þú á að krefja nýjan eiganda um samþykki á ákvæðum sem eru jafn takmarkandi og þau sem þessi leyfissamningur tilgreinir. Leyfissamningurinn tekur einnig til alls vélbúnaðar og annars hugbúnaðar sem kann að eiga samskipti við hugbúnaðinn og/eða skjáinn. Leyfisskilmálarnir sem eiga við tímabundna eiginleika hugbúnaðarins falla úr gildi þegar viðkomandi tímabili lýkur.
- Réttur leyfisveitanda.** Þú viðurkennir og samþykkir að hugbúnaðurinn er eign leyfisveitanda eða leyfisveitenda hans og er verndaður af lögum um höfundarrétt. Þú viðurkennir enn fremur og samþykkir að allur réttur, titlar og eignarhlutir sem tilheyra hugbúnaðinum, þar á meðal tilheyrandi hugverkaréttindi, eru og teljast áfram í eigu leyfisveitanda og leyfisveitenda hans. Þessi leyfissamningur mun ekki veita þér eign á titli eða eignarhluti í hugbúnaðinum, aðeins takmarkaðan rétt á notkun sem hægt er að afturkalla í samræmi við skilmála þessa leyfissamnings. Þú samþykkir að þú munir ekki: (a) baksmala, baksmíða, breyta eða þýða hugbúnaðinn á annan hátt, eða reyna að ónýta höfundarréttarvörn hugbúnaðarins og vélbúnaðinn sem fólgin er í honum; (b) afrita eða endurskapa hugbúnaðinn; (c) baksmíða eða búa til ný leyfi, (d) hunsu eða á annan hátt trufla það þegar gildistími tímabundinna eiginleika hugbúnaðarins fellur úr gildi, (e) reyna að nota leyfi sem búin eru til fyrir þennan skjá á öðrum skjám eða öðrum vörum, eða (f) fjarlægja eða afmá höfundarrétt, vörumerki eða aðrar tilkynningar um höfundarrétt hugbúnaðarins, nema leyfisveitandi eða leyfisveitendur hans hafi gefið fyrir því skýrt og skriflegt leyfi eða ef gildandi lög kveða skýrt á um það, þrátt fyrir þessar takmarkanir. Þú samþykkir líka að leyfa ekki þriðja aðila sem er undir þinni stjórn að gera nokkuð af ofanefndu.
- Leyfisgjöld.** Öll leyfisgjöld fyrir þá eiginleika hugbúnaðarins sem upphaflega var virkjaður voru innifalin í kaupverði skjásins, athygli er þó vakin á því að aðskilin leyfisgjöld fyrir viðbótareiginleika geta átt við eins og lýst er í hluta 1 hér að ofan. Engin viðbótarleyfisgjöld eða önnur gjöld verða innheimt fyrir þennan samning af hálfu leyfishafa.
- Takmörkuð ábyrgð.** Leyfisveitandi ábyrgist, aðeins í þína þágu en ekki í þágu nokkurs annars, að meðan á "**ábyrgðartímabilinu**" stendur, eins og það er skilgreint hér að neðan, muni hugbúnaðurinn starfa í samræmi við viðeigandi virkniforskrift ("**forskrift**") sem

kunngerð er í notendahandbókinni. Ef hugbúnaðurinn bregst, áður en ábyrgðartímabilið rennur út, og starfar ekki í samræmi við forskriftina, er hægt að skila skjánum þangað hann var keyptur til viðgerða eða fá nýjan hugbúnað í stað gallaða hugbúnaðarins.

"Ábyrgðartímabilið" er eitt (1) ár frá þeirri dagsetningu sem skjárin er afhentur.

6. **FYRIRVARAR ÁBYRGÐARINNAR.** ÞÚ SAMÞYKKIR HÉR MEÐ AÐ TAKMARKAÐA ÁBYRGÐIN HÉR AÐ OFAN ("TAKMÖRKUÐ ÁBYRGÐ") ER EINA OG EINSTAKA ÚRRÆÐIÐ SEM ÞÚ NÝTUR VEGNA HVERS KYNS VANDA SEM UPP KANN AÐ KOMA MEÐ HUGBÚNAÐINN. AÐ ÞVÍ UNDANSKILDU SEM FRAM KEMUR Í TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐinni, ÞÁ ER GEFIÐ LEYFI FYRIR HUGBÚNAÐINUM "EINS OG HANN KEMUR FYRIR", OG LEYFISVEITANDI, HLOTDEILDARAÐILAR HANS OG BIRGJAR ÞRIÐJA AÐILA LÝSA YFIR OG ÞÚ AFSALAR ÞÉR ALLRI ÁBYRGÐ SEM HLÝST AF VEGNA LAGA EÐA Á ANNAN HÁTT AÐ ÞVÍ ER VARÐAR HUGBÚNAÐINN, ÞAR Á MEÐAL, EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ: HVERS KONAR ÓBEINA ÁBYRGÐ Á SÖLU EÐA HÆFI TIL SÉRSTAKS TILGANGS; HVERS KONAR ÓBEINA ÁBYRGÐ VEGNA AFKASTA, VIÐSKIPTA EÐA VIÐSKIPTAVENJA; HVERS KONAR ÁBYRGÐ VEGNA TITILS EÐA VIRKNI ÁN LÖGBROTA; OG HVERS KONAR ANNARRAR ÁBYRGÐAR SEM HLÝST AF VEGNA LAGA, ÞAR Á MEÐAL TJÓNAVERKNAÐAR, GÁLEYSIS, STRANGRAR BÓTAÁBYRGÐAR, SAMNINGS EÐA ANNARRA LAGALEGRA EÐA RÉTTLÁTRA KENNINGA. ENGIN TÚLKUN EÐA ÖNNUR YFIRLÝSING STAÐREYNDAR, ÞAR Á MEÐAL, EN EKKI TAKMÖRKUÐ VIÐ, STAÐHÆFINGAR VARÐANDI NOTHÆFI, SKAL VERÐA ÁLITIN Á ÁBYRGÐ LEYFISVEITANDA EÐA EINHVERRA AF HLOTDEILDARAÐILUM HANS EÐA BIRGJUM. LEYFISVEITANDI ÁBYRGIST EKKI AÐ SKJÁRINN OG/EÐA HUGBÚNAÐURINN SÉ LAUS VIÐ VILLUR EÐA AÐ HANN MUNI STARFA ÁN TRUFLANA.
7. **TAKMÖRKUN Á BÓTAÁBYRGÐ.** AÐ UNDANSKILDU ÞVÍ SEM TEKID ER FRAM Í TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐinni SKAL LEYFISVEITANDI, HLOTDEILDARAÐILAR HANS EÐA BIRGJAR EKKI UNDIR NOKKRUM KRINGUMSTÆÐUM VERA BÓTASKYLDIR GAGNVART ÞÉR EÐA NOKKRUM ÞRIÐJA AÐILA VEGNA BEINNA, ÓBEINNA, TIL VILJUNARKENNDRA EÐA AFLEIDDRA SKEMMDA HVERS KONAR, ÞAR Á MEÐAL TAPS EÐA SKEMMDA VEGNA HUGBÚNAÐAR SKJÁSINS; HVERS KONAR HLUTA- EÐA ALLSHERJARBILUNAR Í HUGBÚNAÐINUM; EFNDA, VANEFNDA EÐA Tafa Í TENGLUM VIÐ UPPSETNINGU, VIÐHALD, ÁBYRGÐ EÐA VIÐGERÐ Á HUGBÚNAÐINUM, SKEMMDA Á UPPSKERU, SKEMMDA Á LANDI, FJÁRHAGSTAPI, TAPI Á VIÐSKIPTATENGLUM EÐA TAPI Á VIÐSKIPTAVILD, TAPI Á NOTKUN BÚNAÐAR EÐA ÞJÓNUSTU EÐA SKAÐA Á VIÐSKIPTUM EÐA MANNORÐI SEM TIL KEMUR VEGNA EFNDA EÐA VANEFNDA, Á HVAÐA HLUTA ÞESSA SAMNINGS SEM ER, HVORT SEM ER Í SAMNINGI, TJÓNAVERKNAÐI EÐA ÖÐRU, OG HVORT SEM LEYFISVEITANDI, HLOTDEILDARAÐILAR HANS EÐA BIRGJAR Hafa verið fræddir um möguleikann á slíkum skemmdum eða ekki. LEYFISVEITANDI SKAL EKKI UNDIR NEINUM KRINGUMSTÆÐUM VERA

ÁBYRGUR GAGNVART ÞÉR EÐA ÖÐRUM VEGNA TAPS EÐA SKEMMDA SEM ERU VEGNA BÓTAKRAFNA, MÁLSÓKNA, KRAFNA EÐA AÐGERÐA SEM HLJÓTAST AF EÐA ERU Í SAMBANDI VIÐ NOTKUN Á HUGBÚNAÐINUM SEM FER FRAM YFIR HEILDARGREIÐSLU ÞÍNA FYRIR SKJÁINN OG HUGBÚNAÐARLEYFIÐ.

8. **Viðhald hugbúnaðar.** Leyfisveitandi getur, að eigin frumkvæði, boðið þér upp á viðhald á hugbúnaðinum, jafnvel þó að ábyrgðartímabilið sé útrunnið. Slíkt viðhald getur falið í sér breytingar, leiðréttingar eða viðbætur ("**uppfærslu**") á hugbúnaðinum og/eða tilheyrandi notendahandbók. Leyfisveitandinn áskilur sér rétt, að eigin ákvörðun, til að krefja þig um greiðslu fyrir viðhald (nema í þeim tilfellum þar sem leiðréttingar eru veittar samkvæmt takmörkuðu ábyrgðinni). Samþykki þitt á þessum leyfissamningi felur í sér samþykki þitt á að a) hvers konar uppfærslur verði álitnar innifaldar í hugbúnaðinum, eins og hann er skilgreindur í þessum leyfissamningi; b) þær falli undir skilmálana sem eiga við um hugbúnað skjásins samkvæmt þessum leyfissamningi; c) og uppfærslur kunni að breyta virkni hugbúnaðarins, þar á meðal skert eða fjarlæggt eiginleika. Hafið samband við söluaðila John Deere vegna frekari upplýsinga um hvaða virkni uppfærslur hafa áhrif á áður en þessi leyfissamningur er samþykktur og uppfærslan sett upp.
9. **Afturköllun leyfisins.** Leyfisveitandi getur afturkallað leyfið sem veitt er samkvæmt þessum leyfissamningi með skriflegri tilkynningu um afturköllun ef þú brýtur gegn einhverjum efnislegum skilmála þessa leyfissamnings sem snerta notkun þína á hugbúnaðinum eða rétti leyfisveitanda, þar á meðal, án takmörkunar, ákvæðunum í hluta 2 og 3 hér að framan.
10. **Samræmi við lög.** Þú samþykkir að nota hugbúnaðinn í samræmi við bandarísk lög og lög þess lands sem þú býrð í, eftir því sem við á, þ.m.t. lög og reglugerðir varðandi erlend viðskipti. Hugbúnaðurinn getur fallið undir útflutningsreglugerðir og aðrar erlendar viðskiptareglugerðir sem takmarka endursölu og/eða flutning til annarra landa eða aðila. Með því að samþykkja skilmála þessa leyfissamnings staðfestir þú að þú skiljir að hugbúnaðurinn geti fallið undir, meðal annars, en ekki takmarkað við, reglur um útflutningsstjórn og/eða aðrar erlendar viðskiptareglugerðir fjármálaráðuneytis Bandaríkjanna. Hugbúnaðurinn fellur áfram undir bandarísk lög.
11. **Skaðabætur.** Þú samþykkir að verja, tryggja og halda leyfisveitanda, hlutdeildaraðilum hans og birgjum, og fulltrúum, forstjórum, starfsmönnum, umboðsaðilum og forsvarsmönnum (hver um sig "**skaðabótaskyldur aðili**"), frá öllum bótakröfum, kröfumálum, slysum, ábyrgðum, tapi, kostnaði eða fjárútgjöldum (þar á meðal lögfræðikostnaði) sem þriðji aðili kann að fara fram á á hendur framangreindum aðilum, sem hlýst vegna eða í sambandi við notkun þína á hugbúnaðinum, óháð því hvort slíkt tap stafi, að hluta til eða að fullu, af hvers konar gáleysi, samningsbroti eða annarri sök skaðabótaskylds aðila.
12. **Vörumerki.** Enginn réttur, leyfi eða eignarhlutur á nokkru vörumerki er veittur í þessum samningi og þú samþykkir að gera engar kröfur um rétt, leyfi eða eignarhlut að því er varðar nokkurt vörumerki leyfisveitanda.

13. **Málskostnaður.** Ef einhver krafa eða aðgerð er framkvæmd af öðrum hvorum aðila þessa leyfissamnings gegn hinum aðilanum varðandi efni þetta, skal ráðandi aðili eiga rétt til bóta, til viðbótar hvers konar annarra bóta sem veittar eru, þar með talinn sanngjarnan kostnað við laun lögmanna, gerðardómsmanna og sáttasemjara, sem og málskostnað.
14. **Ógilding og fyrirvari.** Ef dómbær dómstóll lýsir einhverja skilmála þessa leyfissamnings fyrnda eða óframfylgjanlega skal slík yfirlýsing ekki hafa nokkur áhrif á aðra skilmála samningsins. Misbrestur annars aðilans á að framfylgja rétti sem fellur undir þennan samning eða á að grípa til aðgerða gegn hinum aðilanum í tilfalli brota sem skírskotað er til, skal ekki notaður sem afsal réttinda þess aðila hvað varðar framfylgd réttinda síðar meir vegna aðgerða í tilfalli brota í framtíðinni.
15. **Tungumálaákvæði.** Nema staðbundin lög kveði á um annað samþykkja aðilar samningsins að þeir hafi óskað eftir því að þessi leyfissamningur og öll önnur skjöl honum tengd séu skrifuð á ensku einvörðungu. Það geta verið til þýddar útgáfur af þessum leyfissamningi. Ef upp kemur ósamræmi eða mótsagnir milli þýddu útgáfunnar og enska texta þessa leyfissamnings gildir enska útgáfan af leyfissamningnum, nema lög á þínum stað kveði á um að notast skuli við aðra útgáfu.
16. **Framsal leyfisveitanda.** Leyfisveitandi má framselja þennan leyfissamning án samþykkis þíns til fyrirtækis eða aðila sem tengdur er leyfisveitanda, eða með framsali sem tengist endurskipulagningu, sameiningu eða yfirtöku fyrirtækis.
17. **Gildandi lög og dómstólar.** Þessi leyfissamningur stjórnast af og hann er túlkaður í samræmi við efnisreglur laga í Illinois-fylki í U.S.A. Dómstólar Rock Island-sýslu í Illinois fara einir með lögsögu vegna allra deilna sem tengjast þessum leyfissamningi. Þessi leyfissamningur skal ekki falla undir reglur um mismun milli réttarreglna innan mismunandi lögsaga eða sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja, en slík beiting er útilokuð.
18. **Gerðardómur.** EF ÞÚ BÝRÐ Í LÖGSAGNARUMDÆMI ÞAR SEM FRAMFYLGNI SKILMÁLANNA Í HLUTA 17 ER HÁÐ ÞVÍ AÐ AÐILAR SAMÞYKKI AÐ LÚTA GERÐARDÓMI, SKAL ÚTKLJÁ ALLAN ÁGREINING OG KRÖFUR SEM TENGJAST ÞESSUM LEYFISSAMNINGI FYRIR GERÐARDÓMI, Í SAMRÆMI VIÐ ALÞJÓÐLEGAR GERÐARDÓMSREGLUR ALÞJÓÐASTOFNUNARINNAR UM LAUSN DEILUMÁLA ("ICDR") SEM Í GILDI ERU VIÐ UPPHAF DEILU. GERÐARDÓMUR SKAL LAGÐUR FYRIR AÐEINS EINN GERÐARDÓMSMANN SEM ICDR SKIPAR. STAÐSETNING GERÐARDÓMSINS SKAL VERA CHICAGO Í ILLINOIS Í BANDARÍKJUNUM OG TUNGUMÁL GERÐARDÓMSINS SKAL VERA ENSKA.
19. **Staðfesting leyfishafa.** MEÐ ÞVÍ AÐ SAMÞYKKJA ÞENNAN SAMNING: (A) VIÐURKENNIR ÞÚ AÐ Hafa LESIÐ OG SKILIÐ ÞENNAN SAMNING; (B) STAÐFESTIR ÞÚ AÐ ÞÚ HAFIR HEIMILD TIL AÐ SAMÞYKKJA ÞENNAN

SAMNING; (C) SAMÞYKKIR ÞÚ AÐ ÞESSI SAMNINGUR ER AÐFARARHÆFUR GEGN ÞÉR OG HVAÐA LÖGADILUM SEM ER SEM HAFA FENGID hugbúnaðinn OG AF HVERS HÁLFU SEM HANN ER NOTAÐUR; OG (D) SAMÞYKKIR ÞÚ AÐ FYLGJA SKYLDUM ÞESSA SAMNINGS.

20. **Tilkynningar.** Allar tilkynningar til leyfisveitanda skulu sendar með ábyrgðarpósti á póstfangið John Deere Shared Services, Inc., One John Deere Place, Moline, IL 61265 U.S.A. Enn fremur skal senda afrit af tilkynningunni til John Deere Intelligent Solutions Group, ATTN: John Deere Display, 9505 Northpark Drive, Urbandale, IA 50131 Bandaríkjunum. Allar tilkynningar til leyfisveitanda skulu taka gildi við móttöku. Allar tilkynningar sem þér eru veittar skulu, að eigin ákvörðun leyfisveitanda, verða sendar með ábyrgðarpósti á heimilisfangið sem gefið var upp við leyfisveitanda, söluaðila John Deere eða annan dreifingaraðila leyfisveitanda við kaup þín á skjánum. Tilkynningaraðferð leyfisveitanda skal taka gildi við sendingu. Þú samþykkir að tilkynna leyfisveitanda hvers konar breytingar á heimilisfangi þínu á framangreindan hátt.
21. **Tilkynningar og leyfi hugbúnaðar frá þriðja aðila.** Höfundarréttur tiltekinn hluta hugbúnaðarins kann að vera í eigu eða leigu þriðju aðila ("**Hugbúnaður þriðja aðila**") og notaður og dreifður samkvæmt leyfi. Viðauki hugbúnaðar frá þriðja aðila (sem sjá má [hér](#)) inniheldur viðurkenningar, tilkynningar og leyfi fyrir hugbúnaði frá þriðja aðila. Hugbúnaður frá þriðja aðila er leyfisveittur í samræmi við gildandi leyfi hugbúnaðar þriðja aðila, þrátt fyrir að það gangi þvert á ákvæði í þessum leyfissamningi. Hugbúnaður frá þriðja aðila inniheldur hugbúnað sem verndaður er með höfundarrétti og er leyfður samkvæmt GPL/LGPL eða öðrum leyfum sem ná yfir afleidd verk (copyleft licenses). Afrit af þessum leyfum fylgja með í viðauka hugbúnaðar frá þriðja aðila. Hægt er að nálgast heildstæðan, samsvarandi upprunakóða í þrjú ár frá síðustu sendingu hugbúnaðarins með því að greiða \$5 með póstaðvísun eða senda ávísun til:
- Deere Open Source Compliance Team
P.O. Box 1202
Moline, IL 61266-1202
USA
- Skráid "source for John Deere Generation 5-Series Display Unit Software" og útgáfunúmer hugbúnaðarins í upplýsingalínu greiðslunnar. Þetta gildir fyrir alla sem hafa fengið þessar upplýsingar.
22. **Gögn og greining.** Skjárinn kann að bjóða upp á valmöguleika um að gögnum úr skjánum verði deilt með leyfisveitanda og tengdum fyrirtækjum. Þessi gögn eru ekki tengd þér, vinnuvélinni sem skjárinn er settur upp í („Vinnuvélinni“) eða stjórnanda vinnuvélarinnar. Gögnin ná yfir upplýsingar um notkun vélarinnar (þar á meðal skjásins) og gerir leyfisveitanda kleift að bæta vörur sínar og þjónustu og búa til nýjar vörur og þjónustu. Ef þú velur að deila gögnum eru frekari upplýsingar um hvaða gögnum er safnað að finna á síðunni Um gagnanotkun á skjánum. Ef þú velur að deila gögnum skjásins er hægt að hætta

að deila gögnum hvenær sem er. Aftur á móti hefur leyfisveitandi mótttekið og gert öll deild gögn nafnlaus frá þeirri dagsetningu sem deiling gagna hófst og fram að þeirri dagsetningu sem ákveðið var að hætta að deila gögnum. Af þeim sökum getur leyfisveitandi ekki eytt þeim gögnum né skilað þeim til eiganda. Til viðbótar við gögnin sem deilt er úr skjánum þínum, getur Deere einnig fengið gögn frá vinnuvélinni í gegnum aðrar Deere vörur eða þjónustu, eins og JDLink fjarvirkniþjónustu. Skilmálarnir um þessar vörur eða þjónustu, þar á meðal söfnun og notkun gagna, falla undir viðeigandi vöru- eða þjónustusamninga. Vakni frekari spurningar um gagnasöfnun eða gagnagreiningarferli leyfisveitanda skal hafa samband við leyfisveitanda í gegnum gagnaverndarsíðu John Deere á <https://www.deere.com/en/privacy-and-data/>.

23. **Práðlaus tenging**. Skjárinn þinn getur innihaldið fráðlausu tengingu. Þú ert ábyrgur fyrir öryggi allra eiginlegra og fráðlausra tenginga við skjáinn þinn og netkerfið sem þú notar til að flytja gögnin til og frá skjánum. Að auki ertu að fullu ábyrgur fyrir gögnum eða öðrum skyldum gjöldum frá farsímafyritækinu þínu eða öðrum fráðlausum þjónustuveitanda sem stafa af fráðlausum gagnaflutningi til eða frá skjánum.
24. **Notendahandbók**. Notendahandbókin getur verið á stafrænu formi á skjánum. Núverandi útgáfur af notendahandbókinni er einnig hægt að fá með því að heimsækja www.deere.com/en/parts-and-service/manuals-and-training/operators-manual/ eða hafa samband við John Deere söluaðila.